

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1200/2022 um loðnuveiðar íslenskra skipa á vetrarvertíð 2022/2023.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar er einnig heimilt til 23. desember 2022 að stunda veiðar á loðnu með flotvörpu á svæði sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1. 67°11' N - 14°30' V
2. 67°20' N - 18°00' V
3. 68°00' N - 18°00' V
4. 68°00' N - 14°30' V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr., 9. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu þann 12. desember 2022 og gildir til 23. desember 2022.

Matvælaráðuneytinu, 12. desember 2022.

Svandís Svavarsdóttir.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.